

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

1. fundur 2020 (94. fundur)

EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 31.01.2020 kl. 08:30 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Kristinn Halldórsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Steinþór Einarsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Jón B. Guðnason	Landhelgisgæslan
Anna Margrét Tómasdóttir	Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
Skúli Lýðsson	Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

1. Þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar 2020 - 2045

Vísað er til bókunar á fundi skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar þann 13.12.2019 um kynningu fulltrúa Isavia á drögum að Þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar 2020 – 2045.

Formaður skipulagsnefndar gerði grein fyrir viðræðum sínum og Steinþórs Einarssonar við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið um Þróunaráætlunina.

Skipulagsnefndin samþykkti eftirfarandi bókun vegna Þróunaráætlunarinnar:

Á fundi skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar 13.12.2019 kynntu fulltrúar Isavia vinnu við gerð Þróunaráætlunar Keflavíkurflugvallar 2020-2045. Meðal helstu breytinga frá fyrri þróunaráætlun eru breytingar á flugbrautakerfi og nýtt uppbyggingarsvæði með aðkomu frá svokölluðu „Koparhliði“. Þó svo að Þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar hafi ekki lögformlegt gildi er ljóst að til hennar verður horft við endurskoðun aðalskipulags flugvallarins eins og gert var við gerð nógildandi aðalskipulags.

Skipulagsnefndin vill því koma eftirfarandi á framfæri:

1. Við vinnslu fyrri þróunaráætlunar og nógildandi aðalskipulags var lögð mikil áhersla á að horft væri til langs tíma og mikil vinna var lögð í endurskipulagningu flugbrautakerfisins. Náð samráð var haft við aðliggjandi sveitarfélög, Reykjanesbæ og Sandgerði og Garð, nú Suðurnesjabæ, og flugmálayfirvöld. Góð samstaða varð um niðurstöðuna sem varð m.a. til þess að skipulagið var staðfest þrátt fyrir mikla andstöðu Skipulagsstofnunar.

2. Helstu breytingar á brautakerfi samkvæmt nýrri þróunaráætlun eru:

a. Ný NS braut flutt norðar og austar m.a. til að greiða fyrir lagningu akbrauta að þriðju NS brautinni að því er fram kom. Áhrif umferðar um brautina munu aukast í Suðurnesjabæ.

b. Ný NV-SA braut er aflögð.

c. Núverandi NA-SV braut er aflögð.

d. Þessar breytingar koma mjög á óvart í ljósi þeirrar miklu vinnu sem lögð var í núverandi aðalskipulag. Rökstyðja þarf þessar breytingar mun betur og hafa náði samráð við sveitarfélögin umhverfis flugvöllinn, skipulagsnefndina, samgönguráðuneytið og LHG.

e. Þó svo að núverandi NA-SV braut sé lokuð þá var ákveðið í samráði við samgönguyfirvöld að halda henni inni sem mögulegri neyðarbraut og jafnvel lengja/færa hana til SV. Þar sem ekkert mun liggja fyrir um flugvöll í Hvassahrauni fyrr en í fyrsta lagi eftir 3 ár er full ástæða til að gera áfram ráð fyrir henni nema samgönguyfirvöld samþykki annað.

3. Uppbyggingarsvæði með aðkomu frá „Koparhliði“ eins og nú er sýnt kom til tals við gerð fyrri þróunaráætlunar og aðalskipulags en var fellt niður vegna NA-SV brautarinnar. Þetta svæði má flytja til suðurs í átt að Háaleitishlaði með aðkomu frá „Silfurhliði“.

Samþykkt var að senda bókun þessa til forstjóra Isavia með afriti á samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

2. Aðalskipulag Reykjanesbæjar – á vinnslustigi

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs Reykjanesbæjar kynnti drög að endurskoðuðu aðalskipulagi Reykjanesbæjar sem er á vinnslustigi.

3. Framkvæmdaleyfi vegna stofnlagna að ABS – húsum (byrðingshúsum)

Lagt var fram erindi Isavia, dags. 13.01.2020, um framkvæmdaleyfi vegna lagningar stofnlagna hita- og vatnsveitu að byrðingsstöðvum á austur flughlaði.

Skipulagsnefndin samþykkti framkvæmdaleyfið.

4. Fálkavöllur 2 – fyrirspurn um stækkun gámahúsnæðis

Lagt var fram erindi Verkfræðistofnu Suðurnesja f.h. Iceeigna ehf, dags. 27.01.2020, þar sem óskað er eftir leyfi til uppsetningar 8 gáma samtengdra við norðurenda núverandi gámabyggðar sem tengist Fálkavelli 2. Samkvæmt erindinu er forsenda erindisins að umsækjandi telji mismunandi skoðanir vera um hvort byggður verði nýr millilandaflugvöllur eða Keflavíkurflugvöllur stækkaður með nýrri flugbraut og þjónustubyggingum. Því sé heppilegt að leysa málin með þessum 8 gámum.

Af þessu tilefni vill skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar taka eftirfarandi fram:

Þótt þar til bær yfirvöld hafi ekki enn sem komið er tekið ákvörðun um gerð nýs flugvallar í Hvassahrauni þá liggur fyrir nýlegt álit nefndar samgönguráðuneytisins þar sem sú afdráttarlausu niðurstaða kemur fram að ekki komi til álita að gera alþjóðaflugvöll í Hvassahrauni vegna mikils kostnaðar. Óvissa um framtíð Keflavíkurflugvallar getur því engan veginn verið forsenda gámabyggðar á flugvallarsvæðinu.

Skipulagsnefndin samþykkti stöðuleyfi fyrir gámana til eins árs.

5. Deiliskipulag B – svæðis (öryggissvæðis)

Lagt var fram erindi Skipulagsstofnunar til Landhelgisgæslunnar, dags. 9. janúar 2020, þar sem tilkynnt er að stofnunin hafi yfirfarið gögn deiliskipulags B – svæðis og geri ekki athugasemdir við að birt verði auglýsing í B – deild Stjórnartíðinda um samþykkt deiliskipulagsins.

6. Breyting á áheyrnarfulltrúum

Anna Margrét Tómasdóttir sem verið hefur áheyrnarfulltrúi af hálfu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (Mannvirkjastofnunar) lætur af störfum hjá stofnuninni. Í stað hennar mun Skúli Lýðsson verða áheyrnarfulltrúi af hálfu stofnunarinnar.

Skipulagsnefndin þakkaði Önnu Margrétu ánægjulegt samstarf og bauð um leið Skúla velkominn til starfa.

7. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 28. febrúar 2020 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx